

**Nd.**

## **59. Frumvarp**

til laga um breyt. á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Orðin „svanir og snæuglur“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „brotgæsir“ í niðurlagi 2. gr. laganna komi: uglur.

3. gr.

Aftan við d.-lið 3. gr. laganna bætist: Þó skulu svanir vera friðaðir frá 1. maí til 1. október.

4. gr.

Síðari málslið 5. gr. laganna skal orða svo: Ennfremur skulu rjúpnaegg, álfaregg og arnaregg vera friðuð.

5. gr.

Á undan 8. gr. laganna komi ný grein, sem verður 8. gr., svo hljóðandi:  
Nú fækkar af einhverjum ástæðum fuglum þeim, sem ekki eru alfriðaðir samkv. lögum þessum, svo að þörf þykir frekari friðunar, og getur þá ríkisstjórnin skipað svo fyrir með reglugerð, að einstakar tegundir skuli alfriðaðar um eitt ár í senn.

6. gr.

8. gr. laganna verði 9. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Síðan lög þau, er hér er farið fram á að breyta, gengu í gildi, hefir fuglum þessum, sem og ýmsum öðrum, fjölgað til stórra muna. Uglan er ránfugl, sem sumstaðar hefir lagzt á varplönd og gert þar óbætanlegan usla. Virðist því ástæðulítið að friða hana.

Um svanina er það að segja, að í góðæri fjölgar þeim svo ört, að þeir verða hálfgerð plága á löndum einstakra manna, eyðileggja engi og beitolönd og sömu-leiðis silungsveiði (t. d. við Breiðafjörð) með því að eta uppfæðinginn.

Þegar svo ísavetra gerir, falla þeir unnvörpum úr hor, öllum að arðlausu. Virðist því sjálfsgagt að leyfa mönnum að hagnýta sér þessi gæði landsins sem önnur, þannig að vissa sé fyrir, að þau gangi ekki til þurrðar. En friðun sú, er svönum er ætluð samkv. frumvarpi þessu, er nægileg til að halda stofninum við í venjulegu árferði, en í harðæri duga engin friðunarlög. Í góðum vetrum eru svanir ágætir í bú að leggja og hamir þeirra og fjaðrir oft eftirsótt verzlunarvara.

Hætta á útrýmingu svana og annara fugla vegna ónógrar friðunar ætti að vera burt numin með 4. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður.

Einstakar greinar þurfa ekki skýringa við.